

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Þingeyjarskóla

Inngangur

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 2008 ber öllum

fyrirtækjum og stofnunum sem hafa 25 starfsmenn eða fleiri að setja sér jafnréttisáætlun.

Tilgangurinn með lögunum er fyrst og fremst sá að þannig sé best tryggt að hæfileikar og færni allra fái notið sín.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og í Aðalnámskrá grunnskóla er víða fjallað um jafnrétti kynjanna og mannréttindi. Þar er áherslan á að bæði kynin hafi jafnan rétt til náms, þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu- og atvinnulífi. Markmið námsins og kennslunnar og starfshættir skólans skuli vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun.

Jafnréttisáætlun Þingeyjarskóla tekur til nemenda og starfsmanna. Samskipti

einstaklinga eiga að grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi, sem er forsenda þess að hverjum og einum líði vel. Gagnkvæmt traust, jákvæð og uppbyggileg samskipti móta framar öðru góðan starfsanda.

Skólastarf í anda jafnréttis tekur mið af mismunandi hæfileikum fólks. Því er haft að leiðarljósi í skólastarfi Þingeyjarskóla að tækifæri nemenda og starfsfólks byggi fyrst og fremst á hæfileikum og færni.

Jafnréttisáætlun skólans er kynnt fyrir þeim sem að skólastarfinu koma. Áætlunina er einnig að finna í skólanámskrá skólans.

Sveitafélagið Þingeyjarsveit hefur gefið út jafnréttisáætlun 2016 – 2020 sem samþykkt var í sveitarstjórn þann 12.05.2016.

Með henni vill sveitarstjórn tryggja að starfsemi og stofnanir á vegum sveitarfélagsins verði til fyrirmyndar í að skapa vinnuskilyrði og umhverfi sem stuðla að jöfnum rétti karla og kvenna á vinnustað.

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/stjornsysla/jafnrettisaaetlun>

Nám og kennsla

- Markmið Þingeyjarskóla er að náms- og kennsluhættir taki mið af því samfélagi sem við búum í. Stefnt er að því að þróa leiðir sem stuðla að góðum náms- og kennsluháttum í átt að bættum námsárangri.
- Í Þingeyjarskóla er áhersla á fjölbreytta námshætti og verkefni þannig að nemendur sjái tilgang með þeim. Með því fá allir kennslu við hæfi og ólík reynsla og lífssýn fær að njóta sín.

- Stefnt er að því að flétta jafnréttisfræðslu inn í námið með ýmsum verkefnum. Haft skal að leiðarljósi að unnið sé með námsefni sem byggir á jafnréttishugmyndum.

Nemendur

- Í lögum um grunnskóla er sérstaklega kveðið á um að veita skuli fræðslu um jafnréttismál meðal annars með því að búa nemendur undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu- og atvinnulífi. Leitast skal við að mæta þörfum allra nemenda í skólastarfinu.
- Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans og daglegri umgengni við nemendur að þeim sé ekki mismunað og komið sé til móts við þá óháð kynferði, kynhneigð, fötlun, aldri, útliti, uppruna og trúarskoðanna.
- Við val á kennslu- og námsgögnum skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað.
- Kynbundið ofbeldi, kynbundið- eða kynferðislegt áreitni / áreitni er aldrei liðið.
- Lögð er áhersla á að nemendur læri að þekkja og tjá eigin tilfinningar og virða tilfinningar annarra óháð uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun. Allir nemendur eiga að geta komið skoðunum sínum á framfæri.
- Vinna nemenda skal vera í anda jafnréttis þar sem lögð er áhersla á að þeir rækti með sér samkennd og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra.
- Hafa skal að leiðarljósi í skólastarfinu að þátttaka kynjanna í sem flestum þáttum starfsins sé sem jöfnust.

Starfsmenn

- Starfsmenn skólans eiga að njóta sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar óháð uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun. Þeir eiga einnig að búa við jafna möguleika til stöðuhækkana, stöðubreytinga og breytinga á vinnuáðstæðum. Launajafnrétti er í skólanum fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.
- Öllum starfsmönnum þarf að vera ljóst að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er aldrei liðin í skólanum. Stjórnendur bera ábyrgð á því að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni viðgangist ekki í skólanum og meðferð slíkra mála er í þeirra höndum.
- Í anda jafnréttislaga eiga stjórnendur að leitast við að gera nauðsynlegar ráðstafanir þannig að starfsmenn, jafnt karlar sem konur, geti samræmt sem best starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu.
- Starfsþróun og símenntun á að vera aðgengileg báðum kynjum. Stefnt skal að því að starfsmenn fái fræðslu um nýjungar á sviði jafnréttismála, taki þátt í umræðu og kynni sér rannsóknir og skóla sem náð hafa árangri.

- Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans að starfsmönnum sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, aldurs, útlits, ætternis, fötlunar, heilsufars, uppruna, trúar- eða stjórnsmálaskoðana.
- Umræðu um jafnréttisáætlunina, bæði það sem snýr að starfsmönnum og nemendum, þarf að taka upp árlega á starfsmannafundum og í skólaráði.

Starfsráðningar

- Jafnréttissjónarmið skulu til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið lögð til grundvallar við ráðningar starfsmanna. Leitast skal við að meta ólík starfsvið, ólíka reynslu og menntun karla og kvenna.

Jafnréttisáætlun Þingeyjarskóla byggir á:

Lögum um grunnskóla nr. 91/2008

Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008

Aðalnámskrá grunnskóla.

Jafnréttisáætlun Þingeyjarsveitar 2016-2020

Um gerð jafnréttisáætlana fyrirtækja og stofnana.

Útg. Jafnréttisstofa. Sjá heimasíðu Jafnréttisstofu; jafnretti.is.

Varðandi aðgerðaáætlun:

Þingeyjarskóli vinnur að innra mati samkvæmt 36. gr laga um grunnskóla 91/2008. Matið er unnið með gæðagreinum og er umbótamiðað. Samkvæmt áætlun um innra mat er jafnréttisáætlun metin á vorönn 2019.

Aðgerðaráætlun

Markmið og aðgerðir

Skólastjóri Þingeyjarskóla hefur umsjón með framkvæmd aðgerðaráætlunar. Þegar við á eru settir mælikvarðar um þann árangur sem stefnt er að útfrá stöðunni í dag og fyrri sögu. Áhersla að velja mælikvarða sem gefa hugmynd um framvindu mála á hverju sviði fyrir sig.

Nemendur:

Námsefni Þingeyjarskóla á ekki að mismuna nemendum.

Verkefni/markmið	Ábyrgð	Tími
Í náminu eru hlutir skoðaðir frá mörgum sjónarhornum og nemendum kennt að skoða námsefni og annað með gagnrýnum huga þannig að koma megi auga á og vinna gegn misréttir	Kennarar	Alltaf
Námsefni skal vera þannig úr garði gert að það taki tillit til kynferðis, kynhneigðar, útlits, fötlunar, trúarskoðunar, fjölskylduforms eða uppruna	Kennarar	Alltaf

Kennsla og árangur

Í Þingeyjarskóla er leitast við að beita fjölbreyttum kennsluáferðum til að koma á mótis við sem flesta nemendur.

Verkefni/markmið	Ábyrgð	Tími
Öllum nemendum gefinn kostur á að reifa skoðanir sínar varðandi hvers kyns jafnréttismál á skólaþingi	Skólastjóri	Einu sinni til tvisvar á ári (haust/vor)
Niðurstöður prófa og annars námsmats skoðaðar með tilliti til árangurs drengja og stúlkna	Skólastjóri	Í upphafi/lök anna
Námsgögn nemenda séu með þeim hætti að kynjum sé ekki mismunað	Kennarar og aðrir starfsmenn	Alltaf
Allir nemendur unglíngastígs fái náms- og starfsfræðslu óháð kyni í sömu störf.	Náms- og starfsráðgjafi	Vorönn
Aðgengi og aðbúnaður fatlaðra nemenda sé gott. Óskað sé eftir úrbótum sé aðgerða þörf	Skólastjóri og húsörður	Alltaf
Allir nemendur fái sérstaka jafnréttiskennslu	Teymisstjórar	Haustönn ár hvert

Áreitni.

Nemendur Þingeyjarskóla eiga ekki að þurfa að þola áreitni sem birst getur í mörgum myndum s.s. kynbundnu ofbeldi, kynbundnu áreitni, kynferðislegri áreitni eða einelti.

Verkefni/markmið	Ábyrgð	Tími
Starfsmenn skólans fá fræðslu um vísbendingar og viðbrögð við kynbundnu ofbeldi, kynbundnu áreitni og kynferðislegri áreitni	Skólastjóri	Að hausti
Starfsmenn með augun opin með tiliti til ofantalins	Allir starfsmenn	Alltaf
Ef grunur um einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni eða kynferðislega áreitni fer strax af stað vinna skv. Aðgerðaráætlun gegn einelti, kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni í Þingeyjarskóla	Umsjónakennarar og skólastjóri. Aðgerðarteymi.	Alltaf

Starfsmenn

Starfsfólk skal vera til fyrirmyndar í jafnréttismálum

Verkefni/markmið	Ábyrgð	Tími
Fræðsla og umræður um jafnrétti í skólanum	Skólastjóri	Á starfsmannafundi í byrjun skólaárs eða á starfsdegi fyrir áramót á a.m.k. 3 ára fresti

Þingeyjarskóli vill jafna kynjahlutföll í starfslíði skólans og stefnir á sem jafnastan hlut karla og kvenna.

Verkefni/markmið	Ábyrgð	Tími
Öll störf sem losna eru auglýst og bæði kyn hvött til að sækja um	Skólastjóri	Alltaf

Launakjör.

Starfsmenn Þingeyjarskóla skulu njóta jafnra launakjara

Verkefni/markmið	Ábyrgð	Tími
Karlar og konur njóta sömu launakjara fyrir sambærileg störf	Skólastjóri og trúnaðarmenn	Alltaf
Árleg greining skal gerð á launum og fríðindum starfsmanna ásamt tölfræðileg samantekt. Leiðrétt laun og fríðindi ef óútskýranlegur munur kemur í ljós.	Skólastjóri, sveitastjóri	Árlega (að hausti)

Starfsaðstæður og endurmenntun

Aðgengi til vinnu og öll vinnuaðstaða starfsmanna skal vera á jafnréttisgrundvelli.

Verkefni/markmið	Ábyrgð	Tími
Fræðsla og umræður um jafnrétti í skólanum fari fram með tilliti til aðgengis til vinnu og vinnuaðstöðu	Skólastjóri	Á starfsmannafundi í byrjun skólaárs eða á starfsdegi fyrir áramót
Árleg greining á sókn kvenna og karla í sambærilegum störfum í endurmenntunarnámskeið og í starfsþjálfun.	Skólastjóri, sveitastjóri	Árlega (að vori)

Samræming fjölskyldulífs og vinnu

Starfsfólki Þingeyjarskóla skal gert kleift að samræma vinnu og einkalíf

Verkefni/markmið	Ábyrgð	Tími
Starfsfólki gert mögulegt að sinna tímabundinni fjölskylduábyrgð sem gæti skapast	Skólastjóri og trúnaðarmenn	Alltaf
Hvetja bæði kynin til að nýta fæðingarorlof og hvetja foreldra til að skipta með sér heimaveru vegna veikinda barna. Starfsmenn þekki 21. gr., tekið fyrir í starfsmannaviðtölum.	Skólastjóri	Alltaf

Áreitni

Starfsfólk Þingeyjarskóla á ekki að þurfa að þola áreitni sem birst getur í mörgum myndum s.s. kynbundnu ofbeldi, kynbundnu áreiti, kynferðislegu áreiti eða einelti.

Verkefni/markmið	Ábyrgð	Tími
Fagmenn fengnir til þess að fræða starfsfólk um kynbundið ofbeldi, kynbundið áreiti og kynferðislegt áreiti	Skólastjóri	Á starfsmannafundi a.m.k. 3 ára fresti
Vinna að viðbragðsáætlun sem inniheldur verklagsreglur og tekur tillit til forvarna	Skólastjóri	Lokið í ársbyrjun 2019 og endurskoðað við endurmat jafnréttisáætlunar 2020.
Liggi fyrir grunur um einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni skal fara eftir 4. gr. reglugerðar Vinnueftirlitsins um aðgerðir gegn einelti, kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni.	Skólastjóri og trúnaðarmenn	Alltaf

Eftirfylgni jafnréttisáætlunar

Þingeyjarskóli leitast eftir því að jafnréttisáætlun sé fylgt eftir.

Verkefni/markmið	Ábyrgð	Tími
Viðhorfskannanir á meðal starfsfólks með tilliti til verkefna jafnréttisáætlunarinnar	Skólastjóri	Haustönn annað hvert ár
Vinna tillögu að nýrri jafnréttisáætlun á grundvelli reynslu, verkefnum og niðurstöðum kannanna.	Skólastjóri	Lokið áður en gildistíma eldri áætlunar rennur út

Aðgerðaráætlun þessi var samþykkt **16.11.2018** og skal því vera tekin til endurskoðunar í maí 2020 eða samhliða endurmati á Jafnréttisáætlun Þingeyjarsveitar

